

Ísótóparannsókn af nýrum (DMSA)

Ísótóparannsóknin veitir upplýsingar um starfsemi nýrna.
Gera þarf ráð fyrir að rannsóknin taki um þrjár klukkustundir.

Undirbúningur

Enginn undirbúningur er fyrir þessa rannsókn.

Rannsóknardagur

- Við komu á deild er settur æðaleggur í handlegg og í hann er gefinn ísótópur sem er geislavirkt efni.
- Myndataka fer fram um tveimur klukkustundum eftir inngjöf efnisins. Í rannsókninni þarf að liggja kyrr á rannsóknarbedd á meðan myndavélar nema geislun frá líkamanum.
- Fara má af deild milli inngjafar og myndatöku en einnig er velkomið er að bíða á deildinni.



Best er að nota inngang Eiríksgrötu megin og gefa sig fram við afgreiðslu deildar 10G. Athygli er vakin á því að bílastæðin eru gjaldskyld.

Rannsóknin:

- Settur er upp æðaleggur og gefinn ísótópur.
- Myndataka er gerð tveimur klukkustundum eftir inngjöf og tekur um 30 mínútur.

Eftir rannsókn

- Niðurstöður rannsóknar berast innan viku til þess lækni sem pantaði rannsóknina.
- Mikilvægt er að drekka vel eftir rannsóknina það sem eftir er dags því efnið skilst úr líkamanum með þvagi.
- Þar sem geislavirkt efni er notað í rannsókninni þarf að forðast mikla snertingu við aðra í sex klukkustundir eftir inngjöf ísótóps, meðan efnið er að fara úr líkamanum. Mikilvægt er að forðast alla snertingu við barnshafandi konur og að hafa börn í fanginu þar sem þau eru viðkvæmari fyrir geislun en fullorðnir.
- Ef fyrirhugað er að ferðast til útlanda skömmu eftir rannsókn er ráðlagt að fá vottorð til að framvísa á flugvellinum. Starfsfólk deildar veitir nánari upplýsingar um það.

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna.

Ísótópastofa Landspítala við Hringbraut, sími 543 5050, isotop@landspitali.is